

### **Fyrirspurn fulltrúa Samfylkingarinnar, Framsóknar og Pírata í velferðarráði**

Meirihlutinn í velferðarráði óskar eftir upplýsingum um hvort og þá hvernig samninga velferðarsvið er með við gistiheimili eða hótél vegna einstaklinga eða fjölskyldna sem tímabundið eru húsnæðislaus vegna húsnæðis missis. Sömuleiðis er óskað eftir upplýsingum um kostnað vegna kaupa á gistinóttum á gistiheimilum og hótélum það sem af er ári 2024.

#### **Greinargerð**

Kostnaður vegna greiðslna velferðarsviðs fyrir gistiheimili var 5,5 m.kr. á árinu 2023. Óskað er eftir því að velferðarsvið greini frá því hvort það séu samningar vegna gistingu þeirra sem missa húsnæði og eru því tímabundið heimilislausir. Lögð var fram tillaga um neyðarhúsnæði fyrir fólk sem misst hefur húsnæði sitt. Meirihlutinn í velferðarráði taldi betra að skoða samninga vegna gistingu til að mæta þessum hóp en að Reykjavíkurborg ætti sérstaka íbúð til þess.